

AUGLÝSING

um álagningu eftirlitsgjalds þeirra aðila er lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins á árinu 1999.

Viðskiptaráðherra hefur borist rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 1999 og samþykkt hana í samræmi við 2. mgr. 16. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sbr. og reglugerð nr. 777/1998, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Samkvæmt áætluninni verður lagt eftirlitsgjald á eftirlitsskylda aðila, sbr. 1.-7. tölul. 3. mgr. 16. gr. laga nr. 87/1998, sem hér segir:

1. Á sérhvern aðila sem fellur undir ákvæði 1. tölul. er lagt 0,019425% af eignum samtals, eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997, þó eigi lægri fjárhæð en kr. 150.000.
2. Á sérhvern aðila sem fellur undir ákvæði 2. tölul. er lagt 0,3135% af bókfærðum frumtryggingariðgjöldum og 0,038% af bókfærðum endurtryggingariðgjöldum, eins og iðgjöld þessi voru tilgreind í ársreikningi fyrir árið 1997, þó eigi lægri fjárhæð en kr. 150.000. Vegna söfnunarlíftrygginga greiðist þó eftirlitsgjald sem nemur 0,00931% af nettómismun iðgjaldaskuldar að frádregnum hluta endurtryggienda í iðgjaldaskuldinni.
3. Á sérhvern aðila sem fellur undir ákvæði 3. tölul. er lagt 0,05035% af því iðgjaldamagni sem miðlað var á árinu 1997, þó eigi lægri fjárhæð en kr. 150.000.
4. Á þá aðila sem falla undir ákvæði 4. tölul. er álagningu háttað þannig að á sérhvert fyrirtæki í verðbréfaþjónustu er lagt 0,1015% af eignum samtals eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997, á verðbréfasjóði er lagt 0,05481% af eignum samtals eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997 og á rekstrarfélög verðbréfasjóða er lagt 0,093888% af eignum samtals eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997, þó eigi lægri fjárhæð en kr. 150.000 á sérhvern aðila.
5. Á sérhvern aðila sem fellur undir ákvæði 5. tölul. er lagt 1,85% af rekstrartekjum eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997.
6. Á sérhvern lífeyrissjóð sem fellur undir ákvæði 6. tölul. er lagt 0,00931% af hreinni eign til greiðslu lífeyris eins og hún var í árslok 1997. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem fastagjald kr. 150.000 vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir 1 milljarði króna í árslok 1997, kr. 300.000 vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá 1 til 10 milljarða í árslok 1997 og kr. 600.000 vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir í árslok 1997. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við fjölda virkra sjóðsfélaga eins og þeir voru í árslok 1997.
7. Á sérhvern aðila sem fellur undir ákvæði 7. tölul. er lagt 1,85% af rekstrartekjum eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997, þó eigi lægri fjárhæð en kr. 150.000.

Auglýsing þessi er birt í samræmi við ákvæði c.-liðar 1. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 777/1998 og tekur þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 6. janúar 1999.

Finnur Ingólfsson.

Þórður Friðjónsson.